



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs - 150. fundur stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs haldinn á fjarfundi, 11. janúar 2021, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshrepps,
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,
Páll Ásgeir Ásgeirsson, varafulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulspjóðgarðs,
Helga Árnadóttir, sérfræðingur,
Gunnlaugur Róbertsson, mannvirkja og gæðafulltrúi,
Árni Geirsson, ráðgjafi hjá ALTA,
Herborg Árnadóttir, ráðgjafi hjá ALTA.

Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi:

Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Steingrímur Karlsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulspjóðgarðs.

1. Skaftafell - Framtíðarsýn og stefnumótun - 1909031

Fyrir fundinum lágu upplýsingar frá ALTA um framtíðarsýn um Skaftafell.

Stjórn þakkar fyrir góða kynningu og fagnar þeirri góðu vinnu sem fram hefur farið. Næsta skref er að svæðisráð suðursvæðis vinni málið áfram í samvinnu við stýrihóp þjóðgarðsins, ráðgjafa og umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.
Fundi slitið kl. 16:30.